

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 123 31. desember 1984, um breyting
á lögum nr. 120 31. desember 1976, um tollskrá o. fl.
með áorðnum breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Úr 1. gr. laganna falli brott orðin „31. desember 1985“ en í staðinn komi orðin: 31. desember 1986.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Pörsteinn Pálsson.

Nr. 111

31. desember 1985

L Ö G

**um lagagildi viðaukasamnings milli ríkisstjórnar Íslands og
Swiss Aluminium Ltd. um álbræðslu við Straumsvík.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Með lögum þessum staðfestist samningur milli ríkisstjórnar Íslands og Swiss Aluminium Ltd., dags. 11. nóvember 1985, um viðauka við aðalsamning milli sömu aðila, dags. 28. mars 1966 (áður breyttan með viðaukum dags. 28. október 1969, 10. desember 1975 og 5. nóvember 1984), um byggingu og rekstur álbræðslu við Straumsvík í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum, á íslensku og ensku.

2. gr.

Ákvæði viðaukasamnings þess, sem um ræðir í 1. gr., skulu hafa lagagildi hér á landi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1985.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Albert Guðmundsson.